

# HALLGRÍMSKIRKJA

Sunnudagurinn 2. apríl 2006, Boðunardagur Maríu

Séra Sigurður Pálsson setur séra Birgi Ásgeirsson í embætti prests í Hallgrímsprestakalli. Séra Birgir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt séra Sigurði Pálssyni og Magneu Sverrisdóttur djákna.

Mótettukór Hallgrímskirkju syngur, stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson.

Í messunni verður Ólafur Daði Helgason fermdur.

Söfnunarfé rennur til listastarfsins í kirkjunni.

**Forspil** Úr *Magnificat* eftir Jean François Dandrieu.

*Söfnuður stendur meðan gengið er inn*

## Upphafsbæn

Prestur: Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda.

Allir: Amen.

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni.

Allir: Skapara himins og jarðar.

Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú Drottinn Jesús, frelsari minn, þú heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt, fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trúi á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

## Sálmur

Lofsöngur ómar svo heyra má heimur heilagan óðinn af vörum Guðs móður, andsvarið hennar við himinsins boðum:

Mín önd dásamar Drottin,  
hans miskunn varir um eilíf ár  
með öllum þeim, sem elska hans nafn.  
Hallelúja, hallelúja.

Samstillt í trúnni með systur og bræðrum syngjum vér orð, sem María gaf vængi, fagnandi hlýðin Guðs heilaga anda.

Mín önd dásamar Drottin, .....

Orðið varð maður, það undur vér tignum. Andi þinn, Guð, sem Maríu var gefinn, vekir oss lofsöng, er vari um eilífð.

Mín önd dásamar Drottin, ....

*Svein Ellingsen, Sigurbjörn Einarsson*

## Miskunnarbæn

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

Prestur: Kristur, miskunna þú oss.

Allir: Kristur, miskunna þú oss.

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

## Dýrðarsöngur

*Söfnuður rís úrsættum*

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum.

Allir: Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnunum.

Þig lofar, faðir, líf og önd,  
þín líkn oss alla styður.  
Þú réttir þína helgu hönd  
af himni til vor niður.

Og föðurelska, þóknun þín,  
í þínum syni til vor skín,  
þitt frelsi, náð og friður.

*Sigurbjörn Einarsson*

*Söfnuður sest*

### Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Látum oss biðja .... um aldir alda.

Allir: Amen.

### Fyrri ritningarlestur *Mik 5.2–3*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*

Allir: Guði sé þakkargjörð.

### Síðari ritningarlestur *Op 21.3–7*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*

Allir: Dýrð sé þér Drottinn.

### Sálmur

Hallelúja. Lofið Drottin af himnum, lofið hann á hæðum, hallelúja.

### Guðspjall

*Söfnuður rís úr sætum*

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Lúkas. 1.26–38

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.*

Allir: Lof sé þér, Kristur.

### Innsetning í embætti

Séra Sigurður Pálsson setur séra Birgi Ásgeirsson í embætti.

### Trúarjátning

*Söfnuður sest eftir trúarjátninguna*

### Sálmur

Í gegnum lífsins æðar allar  
fer ástargeisli, Drottinn, þinn,  
í myrkrin út þín elska kallar,  
og allur leiftrar geimurinn,  
og máttug breytast myrkraból  
í morgunstjörnur, tungl og sól.

En skærast, Guð minn, skín og ljómar  
í skugga dauðans vera þín,  
er röddin þinnar elsku ómar

í endurleystri sálu mín  
og segir: Þú ert sonur minn,  
því sjá þú, ég er faðir þinn.

Og aldrei skilur önd mín betur,  
að ertu Guð og faðir minn,  
en þegar eftir villuветur  
mig vermir aftur faðmur þinn,  
og kærleiksljósið litla mitt  
fær líf og yl við hjarta þitt.

Lát undur þinnar ástar vekja  
upp elsku hreina' í hverri sál  
og öfund burt og hatur hrekja

og heiftrækninnar slökkva bál.  
Lát börn þín erða í elsku eitt  
og elska þig, sinn föður, heitt.  
*Matthías Jochumsson*

## Prédikun

**Kórsöngur** *Величит душа Моя Господа* / *Lofsöngur Maríu* úr Páskavöku, op. 37 eftir  
Sergei Rachmaninoff.

Величит душа Моя Господа,  
и возрадовася дух Мой о Бозе, Спасе Моем.  
Честнейшую Херувим  
и славнейшую без сравнения Серафим,  
без истления  
Бога Слова рождшую,  
сущую Богородицу, Тя величаем!

Яко призре на смирение рабы Своея,  
се бо отныне ублажат Мя вси роди.

Яко сотвори Мне величие Сильный,  
и свято имя Его,  
и милость Его в роды родов боящимся Его.

Низложи сильные со престол,  
и вознесе смиренные;  
алчущия исполни благ  
и богатыяся отпусти тщи.

Восприят Израиля, отрока Своего,  
помянути милости,  
якоже глагола ко отцем нашим,  
Аврааму и семени его даже до века.

Önd mín miklar Drottin,  
og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum

Vegsamlegri en Kerúb og margfalt dýrlegri en  
Serafi, fæddir þú Guði Orðið, flekklaus,  
sönn Guðsmóðir, vér miklum þig.

Því að hann hefur litið til ambáttar sinnar í smæð  
hennar, héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja.

Því að mikla hluti hefur hinn völdugi við mig gjört,  
og heilagt er nafn hans.  
Miskunn hans við þá, er óttast hann,  
varir frá kyni til kyns.

Valdhöfum hefur hann steipt af stóli  
og upp hafið smælingja,  
hungraða hefur hann fyllt gæðum,  
en látið ríka tómhenta frá sér fara.

Hann hefur minnst miskunnar sinnar  
og tekið að sér Ísrael, þjón sinn,  
eins og hann talaði til feðra vorra,  
við Abraham og niðja hans ævinlega.  
*Lk 1.46–50, 52–55*

## Almenn kirkjubæn

*Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.*

Allir: Drottinn, heyr vora bæn.

## Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega  
syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og  
leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

*Þögn til ihugunar*

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir  
Jesú Krist, Drottin vorn.

Allir: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

## Sálmur

Gegnum Jesú helgast hjarta  
í himininn upp ég líta má,  
Guðs míns ástar birtu bjarta

bæði fæ ég að reyna' og sjá,  
hryggðarmyrkrið sorgar svarta  
sálu minni hverfur þá.

*Hallgrímur Pétursson, (Ps. 48)*

## Altarisganga

*Söfnuður ris úr sætum*

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Allir: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Allir: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur: Sannlega er það ..... og segjum án afláts:

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn. Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá  
sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

*Söfnuður sest*

## Þakkarbæn, innsetningarorð og Faðir vor

*Bænin enda á orðunum: ... í heilagri kirkju þinni um aldir og að eilífu.*

Allir: Amen

## Guðs lamb

Allir: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.  
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.  
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið. Amen.

*Altarisgestir ganga innar. Sérhver altarisgestur tekur við brauðinu í lófann, dýfir því í kaleikinn,  
signir sig og gengur til sætis en annar kemur í hans stað.*

**Undir útteilingu Heruvimska pesma / Hymni kerúbanna eftir Stevan St. Mokranjac.**

## Bæn

Svar: Amen

## Blessun

*Söfnuður ris úr sætum*

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Allir: Amen, amen, amen.

## Sálmur

Gefðu, að móðurmálið mitt,  
minn Jesús, þess ég beiði,  
frá allri villu klárt og kvitt,  
krossins orð þitt út breiði  
um landið hér,  
til heiðurs þér,

helst mun það blessun valda,  
meðan þín náð  
lætur vort láð  
lýði og byggðum halda.

*Hallgrímur Pétursson, (Ps. 35)*

Eftirspil Úr *Magnificat* eftir Jean François Dandrieu.